



*Bæn – Faðir vor*

*Tvísöngur*

*Húmar að kveldi / Stephen C. Foster – Jón frá Ljárskógum*

*Moldun*

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*P. C. Krossing – Sveinbjörn Egilsson*

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*P. C. Krossing – Matthías Jochumsson*

*Blessun*

*Eftirspil*

*Líttu sérhvert sólarlag / Bragi Valdimar Skúlason*

Prestar: Manfred Lemke og Þóra Sigríður Jónsdóttir

Organisti: Edit Anna Molnár

Kórsöngur: Kirkjukór Selfosskirkju

Tvísöngur: Hlynur Snær Theodórsson og Sæbjörg Eva Hlynisdóttir

Umsjón: Fylgd

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug og bjóða viðstöddum  
að þiggja veitingar í safnaðarheimili kirkjunnar að athöfn lokinni.*



**Jóhann Magnús Þorvaldsson**

Fæddur 12. mars 1933

Dáinn 10. ágúst 2024



Útför frá Selfosskirkju  
föstudaginn 23. ágúst 2024

## Forspil

*Adagio / Abinoni*

### Bæn

Dag í senn, eitt andartak í einu,  
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.  
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,  
þegar Guð minn fyrir öllu sér?  
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni  
minna daga skammt af sæld og þraut,  
sér til þess, að færa leið ég finni  
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,  
á við hverjum vanda svar og ráð,  
máttur hans er allri hugsun hærri,  
heilög elska, viska, föðurnáð.  
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,  
það er nóg, að Drottinn segir mér:  
Náðin mín skal nægja hverjum degi,  
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum  
frið og styrk, sem ekkert buga má.  
Auk mér trú og haltu huga mínum  
helgum lífsins vegi þínum á,  
svo að ég af hjartabeli hreinu,  
hvað sem mætir, geti átt með þér  
daginn hvern, eitt andartak í einu,  
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

*Lina Sandell-Berg – Sigurbjörn Einarsson*

### Ritningarlestur



Bliðlega, laðandi, Kristur nú kallar,  
kallar á mig og á þig.  
Hjartna við dyrnar hann bíður og biður,  
biður um þig og um mig.

*Kom heim! Kom heim!  
Þú sem ert þreyttur, kom heim!  
Bliðlega, laðandi, Kristur nú kallar.  
Kallar: Ó, sonur, kom heim!*

Hví þá að hika, ó, bróðir, hann biður,  
biður um mig og um þig?  
Hví þá að hika? Hans eilífa elska,  
umvefur þig jafnt sem mig.

Óðfluga dagar og lífsstundir líða,  
líða frá mér og frá þér.  
Húmið á sígur og kvöldstundin kemur,  
kemur að þér og að mér.

*W. L. Thompson – Pétur Sigurðsson*

### Ritningarlestur

Vertu sæll, og Guð minn gæti þín, Vertu sæll og Guð minn gæti þín,  
leiði þig með líknarhendi, um þig vefji örmum sínum,  
lífsins brauð af himnum sendi. öllum létti raunum þínum.  
Vertu sæll, og Guð minn gæti þín. Vertu sæll, og Guð minn gæti þín.

*Guð minn gæti þín, gæti þín,  
uns vér hittumst annað sinn.  
Guð minn gæti þín, gæti þín.  
Vertu sæll, og Guð minn gæti þín.* Vertu sæll, og Guð minn gæti þín,  
vaki yfir vegferð þinni,  
Verndi þig með návist sinni.  
Vertu sæll, og Guð minn gæti þín.

*W. G. Tomer – Pétur Sigurðsson*



### Guðspjall

### Tvísöngur

*Þú komst í hlaðið / Erlent lag – Davíð Stefánsson*

### Minningarorð

### Tvísöngur

*Svefnljóð / Magnús Kjartansson – Kristján frá Djúpalæk*

